

GENGIÐ UM

21.05.2016 -

30.05.2016



Hannesarholt



Samsýningin **GENGIÐ UM** opnar formlega laugardaginn 21. maí klukkan 14.00 í Hannesarholti að Grundarstíg 10, 101 Reykjavík

List án landamæra býður alla hjartanlega velkomna. Við opnun mun Erla Björk, sem er jafnframt listamaður List án landamæra í ár, spila á hörpuna fyrir gesti.

Léttar veitingar í boði og allir velkomnir en tekið skal fram að aðgengi er ekki mjög gott en sýningin verður tekin upp og sýnd á fyrstu hæð í tölvu og á netinu.

Sýningin er á lofti Hannesarholts.

Sindri Leifsson (f.1988) og Matthías Már Einarsson (f.1995) hafa báðir verið að vinna verk í tré og sameina þeir nú krafta sína í sýningunni GENGID UM.

Ólíkar nálganir þeirra að efniviðnum gefa af sér hluti sem fela í sér keimlika virkni og fagurfræði og sýndir eru í sameiginlegri innsetningu. Með hörpuleik Erlu Bjarkar Sigmundsdóttir (f.1973) tengjast verkin enn frekar saman en um leið nýtir hún verkin sem efnivið í nýtt sjálfstætt verk sem er vídeó af henni að leika á hörpu.

Efniviðurinn er fundið timbur sem kemur héðan og þaðan úr nærumhverfi listamannanna. Meðal annars uppvaxtarheimili Sindra og úr dönskum skógi við hlið heimilis Matthíasar. Harpan sem Erla leikur á er Sólheimaharpa úr mahóni við, smíðuð á Íslandi.